




Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

25. apríl 2025 — nr. 734
1. tölublað — 33. árgangur



Bráðabirgðabrá yfir Gufufjörð. Hluti af framkvæmdinni Vestfjarðavegur (6o) um Gufudalssveit, Hallsteinsnes – Skálanes, fyllingar.

02 Skrifað undir verksamning vegna þriðja áfanga Dynjandisheiðar / 04 Framkvæmdir vegna Fossvogsbrúar á undan áætlun / 06 Göngubrú yfir Sæbraut að rísa / 08 Samgöngur á Vestfjörðum – opinn íbúafundur á Patreksfirði / 10 Endurbygging stálþils í Reykhólahreppi / 14 Tvöföldun Reykjanesbrautar á undan áætlun / 17 Nýr samningur um Vaktstöð siglinga / 18 Hvaða þættir hafa áhrif á sjávarflóð við Ísland? / 20 Mat á umhverfisáhrifum - Flókið ferli en mikilvægt / 23 Úthlutun úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2025 / 24 Allt komið á fullt í Gufufirði / 27 Yfirlit yfir útboðsverk / 30 Niðurstöður útboða / 40 Þá og nú - Brýr á Gilsá á Völlum

Framkvæmdafréttir

Ósk um áskrift
www.vegagerdin.is/framkvæmdafréttir

Ritstjórn og umsjón
Sólveig Gísladóttir
Sigríður Inga Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður
G. Pétur Matthíasson

Hönnun
Kolofon

Umbrot
Sæmundur Freyr Árnason

Forsíðumynd
Haukur Sigurðsson

Prentun
Prentmet Oddi

Leturgerð
Vegagerðin FK Grotesk

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem talið er að eigi erindi til lesenda.

Blaðið kemur út á tveggja mánaða fresti að jafnaði og er áskrift endurgjaldslaus.



Skrifað undir verk- samning vegna þriðja áfanga Dynjandisheiðar



Arndís Ósk Ólafsdóttir
Arnalds, framkvæmdastjóri
mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar,
og Atli Þór Jóhannsson,
framkvæmdastjóri Borgarverks,
skrifuðu undir verksamning.

Arndís Ósk Ólafsdóttir Arnalds, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar, og Atli Þór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Borgarverks, skrifuðu undir verksamning, þriðjudaginn 4. mars, vegna verksins; Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði, 3. áfangi.

Verkið felst í nýbyggingu Vestfjarðavegar á um 7,2 km kafla, ásamt um 0,8 km kafla á Dynjandavegi. Vegurinn verður að mestu leyti byggður í nýju vegstæði en að hluta til í núverandi vegstæði. Inn í verkinu er einnig gerð keðjunarplans og gerð áningarstaðar.

Verktaki mun hefjast handa innan skamms en Borgarverk sinnir þegar tveimur öðrum framkvæmdaverkum á svipuðum slóðum, annars vegar fyllingum vegna þverunar Gufufjarðar og Djúpafjarðar og hins vegar verkefni við snjóflóðavarnir nærri Flateyri.

Verkinu skal að fullu lokið 30. september 2026.

Um fyrsta og annan áfanga:

Í 1. áfanga verksins var byggður upp 7,7 km kafla við Þverdalsá og einnig um 4,3 km kafla fyrir Meðalnes. Þær framkvæmdir stóðu yfir frá 2020-2022. Þá bættist einnig við um 650 m kafla á Bíldudalsvegi. Auk þess var um 1 km kafla frá Pennu niður að Flókalundi lagfærður.

Í 2. áfanga verksins fólst nýbygging Vestfjarðavegar á um 12,6 km löngum kafla. Sú framkvæmd náði frá Norðdalsá, norðan Bíldudalsgatnamóta, og lá um hæsta hluta Dynjandisheiðar og norður fyrir sýslumörk. Vegurinn var að mestu leyti byggður í nýju vegstæði en að hluta til í gamla vegstæðinu. Inni í því verki var einnig gerð námuvegar að námu í Trölladal og gerð áningarstaðar. Verklök 2. áfanga voru árið 2024. ■



Núverandi Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði.



Verkið felst í nýbyggingu Vestfjarðavegar á um 7,2 km kafla.




Mynd sem sýnir hvar 2. áfangi endar og 3. áfangi mun hefjast.

Myndir: Haukur Sigurðsson



Kort sem sýnir framkvæmdasvæði 3. áfanga Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði.



Framkvæmdir vegna Fossvogsbrúar á undan áætlun



Framkvæmdir hafa gengið vel.



Byrjað var á landfyllingunum Kópavogsmegin.

Framkvæmdir við Fossvogsbrú hófust um miðjan janúar en þær snúa að landfyllingum og sjóvörnum. Brúin er hluti af Borgarlínunni. Verkinu miðar vel áfram og er nokkuð á undan áætlun. Undirbúningur fyrir byggingu sjálfrar brúarinnar gengur vel og stefnt er að því að verkið fari í útboð á árinu.

Nýr samgönguráðherra, Eyjólfur Ármannsson, tók fyrstu skóflustunguna að framkvæmdunum, ásamt Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar, Davíð Þorlákssyni, framkvæmdastjóra Betri samgangna, Einari Þorsteinssyni, þáverandi borgarstjóra Reykjavíkur, og Ásdísi Kristjánsdóttur, bæjarstjóra Kópavogs, að viðstöddu fjölmenni.

Bergþóra sagði þetta vera stóran dag og að langur aðdragandi væri að framkvæmdunum. „Fyrstu hugmyndir að brú yfir Fossvog komu fram árið 2013 og margt hefur gerst frá þeim tíma. Þetta er fyrsta framkvæmdin í Borgarlínu og markar vegferð sem við erum búin að undirbúa í langan tíma,“ sagði hún.

Eyjólfur sagðist vera ánægður með að sjá framkvæmdirnar hefjast. „Það er draumur allra samgönguráðherra að vera kominn á verkstað að hefja framkvæmdir með skóflu í hönd og vonum bara að framkvæmdin muni ganga fljótt fyrir sig.“

Við sama tækifæri þakkaði Davíð Vegagerðinni, Reykjavíkurborg og Kópavogi kærlega fyrir samstarfið, sem væri rétt að byrja.

Einar sagði viðeigandi að fyrsta framkvæmdin vegna Borgarlínuverkefnisins væri brú. „Hún er ákveðið táknið um þessa brú sem hefur verið byggð á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega





↑
Frá skóflustungunni.

←
Reykjavíkurmegin felur verkið í sér gerð um 2 ha landfyllingar og 740 m sjóvarna utan við núverandi strandlínu frá Skerjafirði í norðvestri að Kýrhamri í norðaustri

↙
Á Kársnesi felur verkið í sér gerð um 0,3 ha landfyllingar utan við núverandi strandlínu með 220 m af nýrri sjövörn ásamt um 0,4 ha fyllingum á landi.

samgöngustefnu, áherslu á allt það sem fylgir Samgöngusáttmálanum, og það er gríðarlega mikilvæg brú, og síðast en ekki síst milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins.“

Þá sagði Ásdís þetta vera stóran áfanga. „Fossvogsbrúin hefur verið til umræðu en þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál, ekki bara fyrir Kópavogsbúa heldur höfuðborgarbúa alla. Hér gerum við ráð fyrir að 10 þúsund manns muni daglega hjóla, ganga eða fara með Borgarlínunni um brúnna. Frábært að við séum komin á þennan stað,“ sagði hún.

Verksamningur milli Vegagerðarinnar og verktakafyrirtækisins Gröfu og grjóts var undirritaður í byrjun janúar í kjölfar útboðs í nóvember 2024. Áætluð verklok eru 1. nóvember 2026 fyrir þennan hluta verksins en gert er ráð fyrir að Fossvogsbrú verði tilbúin árið 2028.

Fossvogsbrú verður 270 m löng og allt að 17 m breið stálbrú í 5 höfum. Um 900 tonn af stáli fara í yfirbygginguna en brúargólfið verður steipt. Gert er ráð fyrir gangandi, hjólandi og almenningssamgöngum um brúna. ■



Göngubrú yfir Sæbraut að rísa



Með tilkomu nýrrar brúar verður til ný göngu- og hjólaleið milli Tranavogs og Snekkjuvogs.



Vel hefur gengið að reisa stálvirki fyrir undirstöður brúarinnar, sem verður staðsett um miðja vega milli gatnamóta Súðarvogs og Kleppsmýrarvegjar.

Framkvæmdir vegna nýrrar göngu- og hjólabrúar yfir Sæbraut í Reykjavík standa yfir. Vinna við uppsetningu á stálvirki fyrir undirstöður brúarinnar er langt komin. Jafnframt er unnið að samsetningu á brúnni sjálfri, sem verður síðan hífð upp og sett í heilu lagi á sinn stað. Áætlað er að brúin verði tilbúin í maí, þ.e. ef veðuraðstæður leyfa.



Með tilkomu nýrrar brúar verður til ný göngu- og hjólaleið milli Tranavogs og Snekkjuvogs. Brúnni er ætlað að bæta umferðaröryggi verulega fyrir vegfar-
endur milli nýrrar Vogabyggðar og Vogahverfis, ekki síst fyrir skólabörn í Vogaskóla. Brúin mun þjóna hlutverki sínu þar til Sæbraut verður sett í stokk.

Vel hefur gengið að reisa stálvirki fyrir undirstöður brúarinnar, sem verður staðsett um miðja vega milli gatnamóta Súðarvogs og Kleppsmýrarveg-
ar. Stálvirkin má sjá bæði austan og vestan megin við Sæbraut. Jafnframt er unnið að því að setja brúna sjálfa saman á athafnasvæði verktaka. Í því felst m.a. að setja veggi og þak á brúna. Í apríl er gert ráð fyrir að brúin verði hífð upp í heilu lagi og komið fyrir á sínum stað. Verður það gert að næturlagi til að valda sem minnstum umferðartruflunum á

Sæbraut. Jafnframt er vonast til að íbúar í nágrenn-
inu verði fyrir sem minnstu raski meðan þessi vinna fer fram.

Næsta skref verður að ganga frá lyftum sem verða sitthvoru megin brúarinnar og ganga frá tengingum milli brúar og stigahúsa. Því næst verður sett upp lýsing og myndavélakerfi, gengið frá jarðvegi við stigahúsin og göngu- og hjólastígar malbikaðir. Lyftur verða síðan settar upp við báða brúarenda. Lyfturnar koma tilbúnar og verða hífðar á sinn stað í heilu lagi.

Framkvæmdin er samvinnuverkefni Vegagerðar-
innar, Reykjavíkurborgar og Betri samgangna og heyrir undir Samgöngusáttmála ríkisins og sveitar-
félaganna sex á höfuðborgarsvæðinu. ■



Samgöngur á Vestfjörðum – opinn íbúafundur á Patreksfirði



Íbúafundurinn á Patreksfirði var afar vel sóttur. Fremst situr hluti fyrirlesara. F.v. Sigurpór Guðmundsson, Bergþóra Kristinsdóttir, Bergþóra Þorkelsdóttir og Guðmundur Valur Guðmundsson.



Samgöngur á Vestfjörðum voru til umfjöllunar á íbúafundi sem haldinn var á Patreksfirði.

Vegagerðin, í samstarfi við Vestfjarðastofu, bauð til opins íbúafundar í Félagsheimilinu á Patreksfirði 18. mars. Þar fjölluðu fulltrúar frá Vegagerðinni um ýmis samgöngumál sem tengjast svæðinu.

Páll Vilhjálmsson, formaður bæjarráðs í Vesturbyggð og formaður innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, flutti ávarp í upphafi fundarins. Þar sagði hann meðal annars að það væri fátt sem íbúar þráðu meira en góðar og greiðar samgöngur til að tengja samfélögin innbyrðis og við þjóðveg 1. Hann taldi einnig að Vestfirðir bæru skarðan hlut frá borði miðað við aðra landshluta þegar kæmi að samgöngum.

Gerður Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, tók næst við keflinu en hún stýrði fundinum.

Næstur á mælendaskrá var Sigurpór Guðmundsson, verkefnastjóri á framkvæmdadeild sem fjallaði um framkvæmdir á svæðinu. Sigurpór fór yfir forsögu og stöðu framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) um Gufudalssveit en þar er staða verkefna þessi:

- Gufudalsá – Skálanes, *Lengd 6,6 km (Lokið)*
- Kinnarstaðir - Þórisstaðir (Þorskafjörður),
lengd 2,7 km, brú 260 m (lokið)
- Gufudalssveit, Djúpadalsvegur (6087),
lengd 5,7 km (lokið)
- Þórisstaðir - Hallsteinsnes (Teigsskógur)
lengd 10,6 km (lokið)
- Hallsteinsnes - Skálanes fyllingar,
lengd 3,6 km (í framkvæmd)
- Brýr á Djúpafjörð (58 m) við Grónes og Gufufjörð
(130 m) (í útboði)
- Brú á Djúpafjörð (250 m) og frágangur vega
(boðið út í lok árs 2025)

Síðasti áfangi í verkinu Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði var boðinn út í byrjun árs og eru framkvæmdir þegar hafnar.

Guðmundur Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs, fór yfir jarðgangakosti og stöðu samgönguáætlunar. Tillaga að samgönguáætlun 2024-2038 sem lögð var fram haustið 2023 var ekki afgreidd á vorþingi 2024 en ný áætlun verður kynnt í haust.

Guðmundur ræddi einnig jarðgangaaætlun Vegagerðarinnar. Í tillögu Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að skoða eftirfarandi göng á Vestfjörðum:

- Ísafjörður - Súðavík
- Breiðdals- og Botnsheiðargöng, breikkun Breiðdalsleggjar
- Miklidalur
- Hálfván
- Klettsháls

Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri Vestursvæðis fór yfir stöðu vegakerfisins í fjórðungnum. Eins og almennt er vitað mætti staðan víða vera betri. Helstu ástæður eru þessar:

- Innviðaskuld er metin á 180 ma.kr.
- Árleg fjárfestingaþörf í viðhaldi er að lágmarki 20 ma.kr. en fjárveitingar til viðhalds hafa verið um 12. ma.kr.
- Ekki næst að sinna reglubundnu viðhaldi.
- Bundin slitlög á Vestursvæði eru 1.528 km. Á hverju ári ætti að endurnýja um 10% eða 153 km en í ár er gert ráð fyrir að endurnýja 55 km.
- Endurnýja þarf um 110 km af burðarlögum í fjórðungnum og þyrfti að endurnýja um 20 km á ári, en árið 2025 verða endurnýjaðir 6 km eða um 30% af þörfinni.

Pálmi ræddi einnig áhrif þungaflutninga á vegi en þungir bílar brjóta niður vegi margfalt á við fólksbíla. Oft þarf að beita þungatakmörkunum sem eru mjög íþyngjandi aðgerðir fyrir samfélagið. Það er hins vegar eina leiðin til að hlífa vegum á viðkvæmum tímum, til dæmis á vorin og í mikilli vætutið, eða þegar koma upp bikblæðingar.

Pálmi fór einnig yfir orsakir vetrarblæðinga sem oft verða á kjölfar sveiflu milli frosts og þýðu. Hann minnti einnig á að vetrarblæðingar hafi alltaf verið til staðar í klæðingum, líka þegar notað var svokallað White spirit. Þá séu blæðingar einnig þekktar erlendis. Hér á landi hefur vandinn vaxið með þyngri og meiri umferð á vegum sem eru gamlir og ekki hannaðir fyrir þann umferðarþunga sem á þeim er.

Pálmi sagði einu lausnina vera að auka fjármagn í viðhald, gera átak í endurnýjun burðarlaga og endurbyggingu vega. Þá þurfi að malbika meira á umferðarþungum vegum.



Bergþóra Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs, fór yfir reglur í vetrarþjónustu. Reglurnar eru skýrar, staðfestar af ráðuneyti og auglýstar í stjórnartíðindum. Veturinn 2023-2024 var farið í vinnu við endurskoðun og samráð haft við hagaðila um allt land varðandi þarfir til vetrarþjónustu. Kostnaður í dag við núverandi vinnureglur vetrarþjónustu er hins vegar meiri en fjárveitingin til málefnsins. Bergþóra sagði því ljóst að ekki verði aukið við þjónustuna nema fjárveitingar aukist til mikilla muna.

Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar flutti lokaorð. Hún þakkaði fyrir góðan fund og frábæra mætingu. Hún sagðist í sínum samtölum við Vestfirðinga fá staðfestingu á að samgöngur séu lífæð mannlífs, atvinnulífs og byggðar. „Við erum heppin að búa í landi sem er iðandi af lífi og þar sem þróunin hefur verið hröð en innviðir hafa ekki náð að fylgja með,“ sagði hún og taldi mikilvægt að stuðla að viðhorfbreytingu til viðhalds vegakerfisins. ■



Endurbygging stálpils í Reykhólahreppi

Endurbygging gömlu Karlseyjarbryggjunnar í Reykhólahreppi reyndist mun flóknara verkefni en upphaflega var áætlað vegna hruns gömlu bryggjunnar á framkvæmdatíma. Gamla stálpilið lagðist ofan í þilskurð og olli ófyrirséðum töfum. Verkið bar heitið: Reykhólahreppur – Karlsey, endurbygging stálpils 2022. Verkkaupi var hafnarstjórn Reykhólahrepps en Vegagerðin hafði umsjón með framkvæmdinni.

Endurbýgging gömlu Karlseyjarbryggjunnar í Reykhólahreppi hófst formlega 13. september 2022 með undirritun samnings milli verkkaupa, sem var Reykhólahreppur, og verktakans Borgarverks ehf.

Karlseyjarbryggjan var gömul stálþilsbryggja sem byggð var árið 1976. Ástand hennar var orðið afar slæmt, stálþilið tært með fjölmögum tæringargötum og holrýmum undir þekju. Bryggjan þjónaði aðallega Þörungaverksmiðjunni sem landaði þar þangi auk þess sem þörungaskipið Grettir hafði þar viðlegu. Bryggjan var einnig notuð fyrir löndun á fiski og inn- og útflutningi á ýmissi vöru.

Ástand bryggjunnar var orðin þannig að endurbýgging hennar mátti ekki bíða mikið lengur, sér í lagi ef horfa átti til framtíðar með tilliti til dýpi fyrir útflutningsskip og betra viðleguplássi og skjóli fyrir Gretti. Einnig þurfti að huga að möguleika fyrir landtengingu rafdrifinna skipa.

Áður en verktaki gat farið af stað með rekstur nýs stálþils þurfti annar verktaki, Hagtak ehf., að undirbúa þilskurð og dýpkun fyrir stálreksturinn þar sem botninn á höfninni stendur á klöpp. Í þilskurði er klöppin fleyguð á ákveðnum kafla til að koma stálþilunum fyrir.

Bryggjuhrun vandar málið

Nýja stálþilið var hannað þannig að það yrði fimm metrum fyrir framan gömlu bryggjuna til að minnka óhættuna á mögulegu bryggjuhruni meðan framkvæmdir við þilskurðinn og reksturinn stæði yfir.

Því miður varð það raunin þegar gamla bryggjan gaf sig á 25 metra kafla aðfaranótt 27. júlí 2022. Stálþil gömlu bryggjunnar sprakk út og þar með hvarf í sjóinn stór hluti af stálþilskantinum auk þekjunnar. Strax var farið í björgunaraðgerðir með því að fylla í holuna sem myndaðist í þekjunni svo hægt yrði að bjarga löndunarkrana sem var í eigu Þörungaverksmiðjunnar og var fastur á hinum enda bryggjunnar. Aðgerðir hófust innan við hálfum sólarhringi frá hruni bryggjunnar og gert með aðstoð Skútabergs ehf. sem þá var við vegagerð í nágrenni Reykhóla. Björgunaraðgerðir gengu vel og löndunarkraninn var kominn af bryggjunni innan við sólarhring frá því bryggjan hrundi.



Rekstur stálþils kominn vel af stað og búið að reka um 30 m um miðjan nóvember 2022.



Staðan að morgni 27. júlí 2022, strax eftir bryggjuhrunið.




Rekstur stálþils í byrjun febrúar 2024.



Vinna við þilskurð fyrir stálrekstur í júní 2022.



Þarna er búið að fylla um 3000 m³ af efni í bryggjuna og næsta skref að færa löndunarkrana sem má sjá á bakgrunni.



Erfiðleikar við stálþilsrekstur

Framkvæmdum við þilskurðinn var lokið á þessum tíma en stálrekstur fór af stað í lok september 2022. Bryggjuhrunið hafði hins vegar töluverð áhrif á vinnuna. Gamla stálþilið lá nú á hafsbotni og erfitt var að meta hvar það væri þar sem það lá undir þrjú þúsund rúmmetrum af fyllingarefni sem keyrt var út í fyrstu björgunaraðgerðunum.

Vegna hrunsins þurfti að breyta hönnunarforsendum mannvirkisins þar sem ekki var mögulegt að ná 6 metra hönnunardýpi og því breytt í 5,5 metra dýpi. Þá bættust við fleiri verkefni. Til dæmis var þörf fyrir viðbótar dýptar- og borromælingar, nauðsynlegt að stækka landsvæði á bakvið gömlu innri bryggju til að búa til nýtt athafnasvæði fyrir verktakann og bráða-birgða-löndunaraðstöðu fyrir Þörungaverksmiðjuna.

Aðrir verkþættir voru að brjóta og fjarlægja kant, polla og þekju á núverandi bryggju. Endurfylla bryggju og þjappa ásamt því að gera 95 metra langan grjótf্লাa utan um nýja landfyllingu. Reka þurfti niður 103 stálþilsplötur, ganga frá stagbitum og stögum og að lokum steypa um 145 m langan kant með pollum, kanttré, stigum og þyppum.

Verktakinn lenti í miklum erfiðleikum við að reka niður stálþilið þar sem gamla þilið hafði lent ofan í þilskurðinum þrátt fyrir að mikil vinna hafi verið lögð í að fjarlægja efni milli gömlu og nýju bryggjunnar. Kallaðar voru til langbómagröfur til að reyna að fleyga, klippa og moka upp gamla þilinu sem tókst að hluta. Samt sem áður var ekki hægt að reka allar stálþilsplötur niður að fullu og því fór töluverð vinna og tími í leiðréttingu á stálþilinu og steypu til að ná bryggjukantinum beinum. Stálþilsrekstrinum lauk í mars 2024 og var þá farið í að steypa kantbita og polla, og í uppsetningu á stigum og þyppum. Framkvæmdum við endurbyggingu bryggjunnar var lokið með úttekt í nóvember 2024.



Verið að reka síðustu plötuna í þann 13. febrúar 2024.



Búið að steypa alla kantbita og polla lok júlí 2024.



Þekjan steyp

Annar verktaki, Geirnaglinn ehf. sá um framkvæmdir við þekju og lagnir. Skrifað var undir samning milli Reykhólshafnar og Geirnaglann í mars 2024. Helstu verkþættir voru lagnaleiðir fyrir vatn og rafmagn, steypa á nýju masturshúsi ásamt þremur undirstöðum fyrir ljósamaðstur og loks steypu um 1400 m² þekju. Framkvæmdum við þekju var lokið með úttekt í september 2024 en eftir standa nokkur atriði við frágang sem verða kláruð núna í vor.

Unnið er að því að leggja rafmagn í nýju bryggjuna, masturshúsið og ljósmöstur og var stefnt að því að klára það í mars á þessu ári.

Köfunarskoðun leiðir ýmislegt í ljós

Þegar framkvæmdum við endurbyggingu Karls-eyjarbryggju var lokið var gerð köfunarskoðun á nýju bryggjunni. Þá kom í ljós að hluti af gamla stálþilinu lá undir nýja stálinu og stóð upp úr botninum við nýja viðlegukantinn. Ákveðið var að fjarlægja það og var Sjótekni ehf. fengið til þess auk þess sem nýja stálþilið var styrkt aukalega að utanverðu. Framkvæmdir fóru af stað í október 2024 og var lokið í nóvember með úttekt og nýrri dýptarmælingu og neðansjávarmyndatöku.

Mælingarnar og myndatökurnar sýndu að gamla þilið hefur líklega skriðið fram af klapparhrygg og hefur hluti af klöppinni lent ofan í þilskurðinum með gamla stálþilinu.

Höfnin er nú aftur formlega opin fyrir siglingar og notkun. ■



Beltakrani sem sá um rekstur stálþila kominn á verkstað um miðjan október 2022. Hér má sjá landfyllinguna sem var nauðsynleg fyrir athafnasvæði verktaka og sem bráðabirgðaaðstaða vegna löndunar Þörungaverksmiðjunnar.



Búið að staga og fylla í bryggju og byrjað að setja uppslátt fyrir steypa kantinn í maí 2024.



Búið að leggja allar lagnir og steypa þekju um miðjan september 2024.



Hluti af gamla stálþilinu sem var fjarlægð með aðstoð Sjótekni.



Tvöföldun Reykjanesbrautar á undan áætlun

Framkvæmdir vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar á kaflanum milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns ganga vel. Útlit er fyrir að verkinu ljúki á undan áætlun, en upphaflega var gert ráð fyrir verklokum um mitt ár 2026.





Anna Elín Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni, segir að í heildina hafi framkvæmdir gengið ágætlega fyrir sig þrátt fyrir að unnið sé á umferðarþungu svæði. „ÍAV, verktakinn sem vinnur að framkvæmdinni, á hrós skilið fyrir góða skipulagningu og vel unnið verk,“ segir hún.

Búið er að malbika hluta af kaflanum, eða frá Hafnarfirði að álverinu, auk þess sem vegrið og veglýsing hafa verið sett upp. Einnig er byggingu undirganga við Hraunavík og Hraunavíkurveg lokið, ásamt brú við Rauðamel. Þá er búið að malbika á Álhellu og því styttest í að ný tenging frá Álhellu að geymsluhverfinu verði opnuð.

Til stendur að vinna í lögnum Ísal á núverandi Reykjanesbraut og hleypa umferð á nýja kaflann meðan á þeirri vinnu stendur. Að því loknu verður tvöföldun Reykjanesbrautar tilbúin frá Hafnarfirði að Straumsvík, sem gæti mögulega verið með vorinu ef allt gengur samkvæmt áætlun.

Einnig er búið að malbika við Straumsvík frárein frá Reykjanesbraut að Álhellu og verið er að vinna við skeringar og fyllingar við frárein frá Reykjanesbraut að Straumsvík sem og undirbúning þess að malbika yfir Straumsvíkurbú.

←
Helstu áskoranir vegna verksins hafa verið mikil umferð og hraðakstur á Reykjanesbrautinni.
Mynd: Anton Brink

↙
Við Straumsvík er verið að breikka og lengja eldri undirgöng til að koma fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar.

↘
Við Rauðamel er búið að byggja brú.

↓
Straumsvíkurundirgöng og nýmalbikuð frárein.





„Við Straumsvík er verið að breikka og lengja eldri undirgöng til að koma fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar sem og breikkun fyrir göngu- og hjólastíg. Einnig stendur yfir vinna við undirgöng hjá Straumi, þar sem búið er að tengja vatnslögn, leggja háspennustreng og lagnir fyrir fjarskiptafyrirtæki,“ segir Anna Elín.

Í Rauðamel, norðan Reykjanesbrautar, er unnið að efnisvinnslu. Tæki voru á fyrri stigum framkvæmdar-innar lánuð til að vinna við varnargarða í Grindavík og það hæðði aðeins á framvindu þessa verkþáttar.

Við Hraunavík lýkur senn vegskeringum og fyllingum og þar hefur auk þess verið unnið að breytingu á vatns- og raflögnum.

Hraðakstur um vinnusvæðið er áskorun

Helstu áskoranir hafa verið mikil umferð og hraðakstur á Reykjanesbrautinni, að sögn Önnu Elínar. „Vinnusvæðamerkingar hafa einnig verið áskorun en það hafa því miður orðið slys þrátt fyrir merkingar samkvæmt reglum. Við sem stöndum að verkinu þ.e. teymi verkkaupa, eftirlits og verktaka höfum verið í stöðugri úrbótavinnu og leitað leiða til að tryggja öryggi vegfarenda sem best. Að vinna slíkt verkefni í íslenski veðráttu hefur verið krefjandi,“ upplýsir Anna Elín en farið er tvisvar á dag yfir merkingar og viðvörðunarljós, bæði í upphafi og lok vinnudags. ■



Efnisvinnsla við Rauðamel.



Stálræsi við Straum.



Hér sést kaflinn frá álverinu sem búið er að malbika.





Nýr samningur um Vaktstöð siglinga

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar og Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, skrifuðu í mars undir samning í tengslum við rekstur Vaktstöðvar siglinga. Samningurinn er til tíu ára og fjallar um miðstöð fyrir mannaða vöktun Vaktstöðvarinnar sem rekin er allan sólarhringinn alla daga ársins. Vaktstöðin verður rekin í samstarfi við mannaða stjórnstöð Landhelgisgæslunnar en tæknilegur hluti Vaktstöðvarinnar (upplýsinga- og fjarskiptakerfi) er hins vegar í höndum Neyðarlínunnar.

Vegagerðin er ábyrg fyrir starfsemi Vaktstöðvar siglinga og fer með fjárhagslegt og faglegt eftirlit með Vaktstöðinni og verkefnum hennar.

Markmið samningsins er að uppfylla ákvæði laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 en markmið laganna er að tryggja öryggi og skilvirkni siglinga í íslenskt efna-
hagslögsögu, eftirliti með umferð skipa og upplýsinga-
skiptum í þágu siglingaöryggis, öryggi skipa, farþega
og áhafna og siglingavernd. Auk þess að efla varnir
gegn mengun sjávar frá skipum, greiða fyrir flutningum
á sjó og draga úr stjórnsýslubyrði skipafélaga.

Meðal helstu verkefna sem Vaktstöð siglinga sinnir er vöktun og eftirlit sjálfvirks tilkynningakerfis skipa (STK), þ.m.t. sjálfvirks alþjóðlegs auðkenningakerfis skipa (AIS), móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning, móttaka og miðlun neyðarkalla til viðeigandi aðila auk tilkynninga um óhöpp eða slys á sjó. ■

Hvaða þættir hafa áhrif á sjávarflóð við Ísland?



Mikill sjór og þari gekk yfir Hringveg (1) á Kjalarnesi að morgni 3. mars 2025.



Sjó og grjót gaf yfir garðinn við Fiskislóð í óveðrinu í mars á þessu ári.



Sjó gefur yfir bifreið á Fiskislóð í óveðri í byrjun mars á þessu ári.

Sigurður Sigurðarson, strandverkfræðingur á hafnadeild Vegagerðarinnar, svarar spurningunni: Hvaða þættir hafa áhrif á sjávarflóð við Ísland? Svarið er að finna á visindavefur.is og er birt með góðfúslegu leyfi Vísindavefsins.

Frá sjó eru nokkrir þættir sem hafa áhrif. Þeir mikilvægustu eru sjávarhæð og ölduhæð. Sjávarhæð ræðst síðan af nokkrum þáttum, annars vegar stjarnfræðilegum sjávarföllum og hins vegar svokölluðum áhlaðanda af þrennum toga, vegna lágs loftþrýstings, álandsvinds og hækkun sjávarborðs innan brimgarðsins.

Suðvestan- og vestanlands eru sjávarföllin áhrifamesti þátturinn. Þannig er flóðhæð á meðalstórstreymi í Reykjavík í hæðinni +4,0 m á meðan fjaran er í hæðinni +0,2 m. Á smástreymi er meðalflóðhæð í +3,0 m og fjaran í +1,3 m. Þessar tölur eru fyrir meðalstór- og smástreymi, en straumarnir eru misstórir. Þannig náði stórstreymið í sjávarflóðinu í byrjun mars 2025 hæst í +4,4 m.

Loftþrýstingur hefur áhrif á sjávarhæð, hár loftþrýstingur ýtir sjávarborði niður en við lágan loftþrýsting hækkar sjávarborð og er það kallað loftþrýstingsáhlaðandi. Í dýpstu lægðum getur loftþrýstingsáhlaðandi mest orðið um 0,8 m hér við land. Við ákveðnar aðstæður getur álandsvindur myndað vindáhlaðanda.



← Sigurður Sigurðarson
strandverkfræðingur.

Til þess að það geti orðið að einhverju marki þarf aðdýpi að vera lítið á tiltölulega stóru hafsvæði. Víðast hvar verður vindáhlaðandi hér við land ekki meiri en um 0,3 m, aðallega vegna þess að víðast hvar er aðdjúpt. Ekki vantar vindinn. Á meðan áhlaðandi vegna lágs loftþrýstings og vind eru lítið breytt á nokkuð stórum svæðum, þá er ölduáhlaðandi mjög staðbundinn. Ölduáhlaðandi myndast innan brimgarðs þar sem hækkað sjávarborð vegna öldubrota á ekki greiðan aðgang á haf út. Ölduáhlaðandi eykst með bæði hækkandi ölduhæð og sveiflutíma öldunnar. Víðast hvar verður



ölduáhlaðandi ekki meiri en um 0,5 m en getur orðið meiri við ákveðnar aðstæður. Inni í höfnum þar sem gott skjól er fyrir öldu, eins og í Reykjavíkurböfn, er hins vegar enginn ölduáhlaðandi.

Sjávarflóð verða síðan þegar há alda nær upp að strönd og sjór gefur yfir náttúrulegan sjávarkamb eða sjóvarnarmannvirki. Víða eru grynningar utan við ströndina og þá verður aldan sem veldur ágjöfinni dýpisháð, því hærri sem sjávarstaðan er þeim mun hærri alda nær upp að ströndinni og ágjöf meiri.

Sjávarflóð eru sem sagt samspil veðurþátta og sjávarfalla sem ráðast af stöðu tungls og sólar. Veðurfarsþættirnir, loftþrýstingur, vindur, ölduhæð og sveiflutími öldunnar eru háðir. Eftir því sem loftþrýstingur er lægri er vindhraði meiri sem kallar á hærri ölduhæð og eftir því sem veðrið stendur lengur yfir lengist sveiflutími öldunnar. Sjávarföllin eru hins vegar óháður þáttur.

Ef við hugsum okkur mjög djúpa lægð sem nálgast landið úr suðvestri þá getur sú lægð komið á smástreymi, eða á lágrí sjávarstöðu og ekki valdið neinu sjávarflóði. Mun grynri lægð sem kemur á háu stórstreymi og hittir á háflóðið getur hins vegar valdið miklu sjávarflóði.

Vegagerðin hefur skoðað sjávarflóðið sem varð á Reykjanesi og innanverðum Faxaflóa 1. til 3. mars 2025. Hæð kenniöldu utan Faxaflóa var yfir 10 m í nær 24 klukkustundir, frá hádegi 2. mars, og varð hæst um 16,0 m. Sé ekki tekið tillit til öldustefnu hefur 16 m há kennialda endurkomutíma um 20 ár, en hærri endurkomutími sé tekið tillit til öldustefnu. Í Reykjavík og á Akranesi mældist sjávarhæð um +4,6 m sem er um 0,2 m lægra en sjávarhæð með 1 árs endurkomutíma. Í Sandgerði mældist sjávarhæð hæst um +4,5 m sem svarar til um 10 ára endurkomutíma.



Þegar þessi texti er skrifaður hefur Vegagerðin ekki metið endurkomutíma flóðaatburðarins en kemur til með að gera það fljótlega.

Frá landi fer umfang sjávarflóða í fyrsta lagi eftir hæð náttúrulegra sjávarkamba eða sjóvarnarmannvirkja. Náttúrulegir sjávarkambar byggjast oft upp í þá hæð að það gefur yfir þá nokkrum sinnum á ári. Sjóvarnarmannvirki eru annars vegar byggð til að verjast landbroti og hins vegar til að takmarka ágjöf yfir þau. Í öðru lagi ræðst umfang sjávarflóða af landhæð innan sjávarkamba eða mannvirkja. Ef land er lágt og engin greið leið fyrir sjóinn að renna aftur út í sjó, þá safnast hann upp og flóðhæð á landi verður hærri en sjávarborðið. Fyrir eignatjón skiptir máli hvort land á lágsvæðum við sjó hallar að húsum eða frá þeim.

Vegna hættu sem stafar af sjávarflóðum þá er Vegagerðin umsagnaraðili fyrir aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó. Við umsagnir er litið til viðmiðana Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir, sem taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar. Þar er tekið tillit til skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi og landhæðabreytinga mældum með GPS-mælistöðvum og gervitunglum. Fyrir almennt skipulag miða viðmiðunarreglurnar við 100 ára líftíma mannvirkja og skipulags. Þá er tekið mið af áætlaðri afstöðubreytingu lands og sjávar næstu 100 árin.

Með hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar eykst hættu á sjávarflóðum. Ekki aðeins minnkar friðorð sjávarkamba og sjóvarna, þegar sjávarborð hækkar, heldur kemst hærri alda inn á grynningar framan við sjávarkamba og sjóvarnir þar sem aldan er dýpisháð. Hvort tveggja eykur ágjöf og flóðahættu. ■



Mat á umhverfisáhrifum Flókið ferli en mikilvægt

Vinna sem fer í skýrslur um mat á umhverfisáhrifum er meiri en margan grunar. Ein skýrsla getur verið í um tvö ár í vinnslu og kostar sitt, enda þarf að gera fjölmargar og ítarlegar rannsóknir sem mismunandi sérfræðingar koma að. Lokaafurðin getur verið um eða yfir 200 blaðsíðna skýrsla. Sóley Jónasdóttir, sérfræðingur á hönnunardeild, er ein þeirra sem hefur þann starfa að vinna að slíkum skýrslum innan Vegagerðarinnar.



Vegagerð í Teigsskógi haustið 2023.
Mynd: Haukur Sigurðsson

Lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi árið 1994 og voru liður í aðlögun að alþjóðlegum kröfum og stefnu-mörkunum m.a. samkvæmt EES-samningnum. Árið 2000 voru gefin út lög um mat á umhverfisáhrifum og í dag er unnið eftir útgáfu laga frá árinu 2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Markmið laganna er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að stuðla að sjálfbærri þróun, heilnæmara umhverfi og umhverfis-vernd. Í öðru lagi að bæta skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana og í þriðja lagi að veita almenningi og öðrum hagsmunaaðilum aðkomu að umhverfismati.

Þrjú mismunandi stig framkvæmda

„Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (oft skammstafað MÁU) er ákveðin aðferðarfræði sem er notuð til að meta á skipulagðan hátt hugsanleg áhrif framkvæmda á umhverfi, jafnt á framkvæmdar- sem og rekstrar-tíma,“ segir Sóley en matsferlið skiptist í nokkur stig. „Þetta er flókið ferli og menn hafa í gegnum árin reynt að einfalda það, en það er líka mjög mikilvægt til að fá sem besta yfirsýn yfir áhrif framkvæmda á umhverfið.“

Sóley er beðin að útskýra hvernig ferlið gengur fyrir sig.

„Segjum að búíð sé að ákveða að fara í eitthvað verk, sem dæmi að leggja veg eða byggja brú. Þá meta sérfræðingar innan Vegagerðarinnar sem þekkja vel til MÁU, í hvaða flokk verkið fellur. Í sumum tilfellum er ljóst að verkið hafi minniháttar áhrif á umhverfi sitt og sé því undanskilið umhverfismati, til dæmis þegar skipta þarf um ræsi í vegi, eða byggja upp stuttan vegkafla þar sem öll framkvæmdin er í sama vegstæði og áður. Í öðrum tilfellum er augljóst að verkið þurfi að fara í umhverfismat, þau fara þá yfir þau ákvæði eða viðmið sem eru í viðauka með lögnum. Þetta eru stór framkvæmdaverkefni, nýframkvæmdir þar sem fara þarf yfir óraskað land, eða þar sem framkvæmdin fer fram á viðkvæmu landsvæði. Síðan geta það verið verkin sem falla þarna á milli og óljóst er hvort þurfi að fara í umhverfismat. Í slíkum tilvikum þarf að gera svokallaða könnun á matsskyldu.“



Könnun á matsskyldu

Könnun á matsskyldu felur í sér gerð skýrslu sem lögð er fyrir Skipulagsstofnun. „Þessi skýrsla er mun styttri en skýrsla um mat á umhverfisáhrifum en þó liggur töluverð vinna að baki henni sem getur tekið nokkra mánuði. Við þurfum að safna saman fjölbreyttum upplýsingum um skipulag og innviði svæðisins, náttúrufarsþætti og fornleifar. Ef aðeins er um endurbyggingu vegar að ræða getur þetta dugað en ef breyta þarf veglínu þarf hugsanlega að skoða gróðurfar og fuglalíf, sér í lagi ef grunur er um að ný veglína fari yfir vistkerfi eða jarðminjar sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga,“ lýsir Sóley. Þessar skýrslur eru að mestu leyti unnar af Vegagerðinni en leitað er til þar til gerðra sérfræðinga ef rannsaka þarf fornleifar og náttúrufarsþætti og þeir meta áhrif framkvæmdarinnar á tiltekinn umhverfispátt. „Við teljum mikilvægt að draga fram sem ítarlegastar upplýsingar og áhrifaþætti í þessari skýrslu til að gefa sem skýrasta mynd af aðstæðum. Þannig er einnig hægt að bregðast skipulega við með mótvægisáðgerðum sem geta dregið úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið“. Skýrslan er síðan lögð fyrir Skipulagsstofnun sem leitar umsagnar og þá geta bæði almenningur og aðrir hagsmundaaðilar komið með athugasemdir. Það ferli tekur um 7 vikur. Sóley segir að í flestum tilfellum séu verkin ekki talin matskyld og þá hægt að fara í framkvæmdir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ef hins vegar Skipulagsstofnun ákvarðar framkvæmd matsskylda tekur við ítarlegri vinna og rannsóknir sem tekur allt upp í tvö ár.

Tvær skýrslur í fullu MÁU

Þegar verk eru stærri, til dæmis vegir yfir 10 km, fela í sér nýbyggingu eða breikkun vegar eða umfangsmikla efnistöku, er ljóst frá upphafi að fara þurfi í mat á umhverfisáhrifum. „Það þýðir að vinna þarf tvær skýrslur. Fyrri skýrslan heitir matsáætlun og er ætlun hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismati um framkvæmdarinnar og á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis verði lögð áhersla á í umhverfismati. Seinni skýrslan er sjálf umhverfismatsskýrslan þar sem greint er frá niðurstöðum allra þeirra rannsókna sem farið var í og metin eru áhrif framkvæmdarinnar á tiltekinn umhverfispátt,“ lýsir Sóley. Hún segir kröfur alltaf að aukast um hvað þurfi að rannsaka og þannig aukist umfangið og skýrslurnar stækki. Í dag er vanalegt að sjálf umhverfismatsskýrslan sé um 200 síður en henni fylgja teikningar auk viðauka sem eru jafn langir.



Mismunandi er milli verka hvaða rannsóknir þarf að fara í en algengar rannsóknir eru til dæmis:

- Rannsóknir á gróðurfari og vistgerðum
- Fuglarannsóknir
- Fornleifarannsóknir
- Rannsóknir á vatnafari
- Rannsóknir á lífríki straumvatna
- Rannsóknir á lífríki í fjöru
- Skoðun á landslagi og ásjúnd. Það er sjónræn áhrif framkvæmdar
- Rannsókn á jarðfræði og jarðminjum
- Hljóðvistarannsóknir
- Veðurfarsrannsóknir
- Snjóalagarannsóknir

Sóley og samstarfsfólk hennar heldur utan um skýrslugerðina með aðstoð fjölmargra innan stofnunarinnar.

„Við söfnum upplýsingunum saman og gerum samninga við rannsóknaraðila um hinar ólíku rannsóknir. Við tökum síðan upplýsingar og áhrifamat úr öllum rannsóknarskýrslunum og setjum upp í eina heildræna skýrslu,“ segir Sóley, en vinnan getur tekið allt að tveimur árum. „Rannsóknartími getur verið mjög stuttur, oft miðast hann við sumartímann, og fuglafræðingar þurfa til dæmis að geta farið í sínar rannsóknir í maí til að safna gögnum. Ef við fáum ekki fólk í rannsóknirnar eða ef þær frestast af einhverjum ástæðum getur verið allt tafist um heilt ár, og það getur í framhaldi haft áhrif á upphaf framkvæmda.“

Stundum eru utanaðkomandi aðilar fengnir til að vinna umhverfismatsskýrslur enda ekki mannskapur til að vinna allt innan Vegagerðarinnar.

Þegar skýrslan er tilbúin er hún send til Skipulagsstofnunar til kynningar og umsagnar. Skipulagsstofnun kynnir umhverfismatsskýrsluna fyrir almenningi, t.d. í fréttablöðum og hefur umhverfismatsskýrsluna aðgengilega á netinu. Einnig leitar Skipulagsstofnun umsagnar hjá almenningi og hagaðilum. Kynningartími umhverfismatsskýrslu tekur um 6 vikur og á þeim tíma er yfirleitt skipulögð stór kynning á skýrslunni á opnu húsi, venjulega í nálægð við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Að kynningartíma loknum tekur Skipulagsstofnun sér um 7 vikur til að gefa rökstutt álit sitt um umhverfismat framkvæmdarinnar, byggt á umhverfismatsskýrslu, umsögnum umsagnaraðila og almenningi. Í álitinu er fjallað um forsendur, aðferðir og ályktanir um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í umhverfismatsskýrslu. Þá skal þar koma fram rökstudd niðurstaða stofnunarinnar um umhverfismat framkvæmdarinnar og, eftir því sem við á, skilyrði um mótvægisáðgerðir og vöktun sem beint er til leyfisveitenda.

„Eftir það er málið komið úr okkar höndum og hönnunardeild og framkvæmdadeild taka við,“ segir Sóley sem vill meina að þrátt fyrir að verkefnið við skýrslugerðina sé í nokkuð föstum skorðum sé hvert verkefni þó einstakt. „Það er alltaf eitthvað í hverju verkefni sem maður getur klórað sér í hausnum yfir. En það er bara skemmtilegt að fá nýjar áskoranir,“ segir hún glaðlega. ■



Úthlutun úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2025

Úthlutun úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar fyrir árið 2025 er lokið en umsóknarfrestur rann út 31. janúar síðastliðinn. Alls bárust 120 umsóknir og sótt var um samtals 418,5 milljónir króna. Rannsóknaráð Vegagerðarinnar valdi 62 verkefni sem hljóta styrk að þessu sinni en sjóðurinn hafði 150 milljónir krónur til ráðstöfunar í ár.


Ólafur Sveinn Haraldsson, forstöðumaður rannsóknadeildar Vegagerðarinnar, segist vera ánægður með niðurstöðu úthlutunar í ár. „Þetta voru öll mjög fram-bærileg verkefni sem styðja bæði markmið sjóðsins og starfsemi Vegagerðarinnar. Valið var því erfitt hjá ráðinu,“ segir hann.

Verkefnin sem hlutu styrk í ár tengjast ýmsum þáttum starfsemi Vegagerðarinnar. Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt upp í fjóra flokka: Mannvirki, umferð og umferðaröryggi, umhverfi og samfélag. Þessir flokkar endurspeglar þau fjölbreyttu verkefni sem Vegagerðin fæst við. „Það er ánægulegt að sjá fjölgun verkefna í umhverfisflokki og enn skemmtilegra að sjá hvernig umhverfismálin eru samþætt í aðra flokka,“ segir Ólafur. ■

↑
Rannsóknaráð Vegagerðarinnar valdi 62 verkefni sem hljóta styrk að þessu sinni.

↓
Upplýsingar um verkefnin sem fengu styrk í ár má finna undir hlekknum:
<https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/nyskopun-og-rannsoknir/verkefni-2025>

Fjöldi samþykktra umsókna 2025 eftir umsækjendum





Skrifað var undir verksamning um verkið „Vestfjarða-vegur (60) um Gufudalssveit, Hallsteinsnes – Skálanes, fyllingar,“ í lok nóvember 2023 en samið var við Borgarverk. Verkið felst í nýbyggingu Vestfjarðavegar á um 3,6 km kafla frá Melanesi að vestanverðu, yfir Grónes sem liggur milli Gufufjarðar og Djúpafjarðar og að brúarstæði út í miðjum Djúpafirði. Vegurinn er alfarið byggður í nýju vegstæði en tengist núverandi Vestfjarðavegi í annan endann vestan megin í þessum áfanga en verður tengdur Vestfjarðaveginum að austan þegar öllu verkinu verður lokið.

Verkið snýst um gerð fyllinga í sjó upp í 3,5 metra yfir sjávarmál, gerð fyllinga á landi upp í endanlega fyllingarhæð ásamt gerð fyllinga í vinnuþlön vegna fyrirhugaðrar brúargerðar. Innifalið í verkinu er meðal annars bygging á um 120 metra langri og 4,4m breiðri bráðabirgðabru yfir Gufufjörð. Undirstöður brúarinnar eru stálstauaraok sem boruð eru niður og fyllt af steypu. Yfirbygging er stálbitar með timburgólfi.

„Verkið hefur gengið ágætlega þó veðrið hafi látið til sín taka núna í janúar auk þess sem klakaburður í firðinum hafi valdið álagi á bráðabirgðabrunna,“ segir Reynir Georgsson umsjónarmaður verksins fyrir hönd Vegagerðarinnar. „Verktakinn hefur verið að vinna í skeringum við Melanes og keyrt efni í fyllingar í Gufufirði og út í Grónes. Síðan mun hann halda áfram með fyllingarnar frá Grónesi og að fyrirhuguðu brúarstæði í Djúpafirði.“

Reynir segir bráðabirgðabrunna yfir Gufufjörðinn komna í notkun og búið sé að flytja tæki út í Grónes þar sem hluti af efnisvinnslu í verkið fer fram. „Miklar skeringar eru í verkinu á Melanesi að vestanverðu, þar sem vegurinn kemur í land. Aðstæðurnar eru dálítið krefjandi því það þarf að nýta mest af lausaefninu sem fellur til í fyllingunum. Efnið er að stórum hluta silt þar sem svæðið er líklega gamall sjávar- eða lönsbotn. Slíkt efni getur verið krefjandi í vinnslu og þá sér í lagi ef mikil bleyta er í efninu,“ útskýrir Reynir.


Allt komið á fullt í Gufufirði

Borgarverk vinnur að fyllingum í Djúpafirði og Gufufirði sem er fyrsta skref í brúargerð yfir firðina tvo. Einn verkþáttur snýst um byggingu bráðabirgðabráru yfir Gufufjörð sem verktakar munu nota meðan á framkvæmdum stendur. Brúin er tilbúin og komin í notkun.



↑
Fyllingar og bráðabirgðabráru
sem liggja út í Grónes

←
Bráðabirgðabráruin er
nýtt til að koma efni
og tækjum út í Grónes.
Myndir: Haukur Sigurðsson



Gert er ráð fyrir að vinnu við fyllingar ljúki í september á þessu ári

Vegagerðin bauð um miðjan mars út næsta áfanga sem felst í byggingu tveggja steyptra brúa. Annars vegar 58 m langrar brúar á Djúpafjörð við Grónes og hins vegar um 130 m langrar brúar á Gufufjörð. Innifalið í verkinu verður rif á bráðabirgðabrunni á Gufufirði. Þessum áfanga á að vera lokið í lok september 2026. Vonast er til að hægt verði að bjóða út þriðja og síðasta áfangann í verkinu á þessu ári en sú framkvæmd gengur út á byggingu 250 metra langrar brúar á Djúpafjörð.

Mikil uppbygging síðustu ár

